

Stefnuýfirlýsing Delta Kappa Gamma

Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma
stuðla að auknum fræðilegum og
persónulegum þroska kvenna í fræðslu-
störfum og gæðum í menntun og uppeldis-
störfum



Heimasíðan okkar er :
<http://dkg.muna.is>

Heimasíða alþjóðasamtakanna er:
<http://dkg.org>



Fréttabréf

Delta Kappa Gamma

Haut 2013

Félag kvenna í fræðslustörfum
á Íslandi



Kveðja frá samskipta- og útgáfunefnd

Nú lítur dagsins ljós fyrsta fréttabréf nýrrar samskipta- og útgáfunefndar Delta Kappa Gamma.

Fjórar konur sitja í nefndinni, tvær úr Betadeild og tvær úr Mýdeild en þær deildir eru báðar starfandi á Norðausturlandi.

Frá fyrri ritnefnd fengum við góðan og aðgengilegan arf og þökkum henni kærlega fyrir hann. Það að fá slíkan aðgang er ómetanlegt veganesti fyrir okkur sem erum að stíga okkar fyrstu skref í nefndinni og samtökunum. Við höfum líka átt gott samstarf við Guðbjörgu M. Sveinsdóttur, landssambandsforseta, sem hitti okkur í haust. Við þökkum henni veittan stuðning og hvatningu.

Í þessu fréttabréfi birtast fréttir af starfi allflestara deilda og vonumst við til að geta birt fréttir frá öllum deildum í vorfréttabréfinu. Það er alltaf jafn spennandi að sjá hve deildirnar skipuleggja starf sitt á fjölbreyttan hátt miðað við aðstæður á hverjum stað.

Í fréttabréfinu minnumst við okkar kærnu Þórunnar Bergsdóttur. Hún var ein af stofnendum Betadeildar og gegndi þar formennsku í 4 ár. Hún sat auk þess nokkur ár í stjórn deildarinnar og var um árabil í nefndum á vegum Lands-

sambandsins.

Við birtum líka áhugavert viðtal við Rósu Eggertsdóttur en hún var heiðruð á afmæli Betadeildar 2. júní 2012 og fékk auk þess viðurkenningu Skólanefndar Akureyrar sama ár fyrir framlag sitt til menntamála.

Það er skemmtilegt og fróðlegt að lesa ferðapistil Helgu Thorlacius frá Evrópuráðstefnunni í Amsterdam sem var haldin 5.-10. ágúst sl. Hún segir frá ráðstefnunni og borginni á þann hátt að lesandann langar til að fara að sjá og upplifa. Skrif hennar eru hvatning til okkar sem ekki höfum látið verða af því að fara á ráðstefnur Delta Kappa Gamma til að hafa sig af stað.

Við hvetjum konur í öllum deildum Delta Kappa Gamma að vera vakandi fyrir áhugaverðu starfi í deildunum og koma ábendingum til okkar í ritnefndinni. Að lokum óskum við félagskonum og fjölskyldum þeirra, gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

*Með bestu jólakveðju
Dagbjört Ásgeirsdóttir, Dagný
Birnisdóttir, Fríða Pétursdóttir
og Sigríður Magnúsdóttir.*

tíðina. Mikilvægt er að viðhalda þekkingu á þessu handverki og er Ragnheiður að skrifa kennslubók um vefnað, þá fyrstu sem kemur út í fjölmörg ár.

Næst hittast Mýsystur á jólafundi sem haldinn verður í samstarfi við Betasystur líkt og verið hefur og vænta má notalegrar stundar með Betasysturum.

*Fyrir hönd Mýdeildar
Jenný Gunnbjörnsdóttir*



*Ritnefnd óskar öllum
Delta Kappa Gamma
systurum og fjöl-
skyldum þeirra
gleðilegra jóla og far-
sældar á komandi
ári.*



Mý

Starf Mýdeildar hefur verið kraftmikið og skemmtilegt það sem af er vetri. Deildarkonur hafa hist þrisvar á fundum, nýr gjaldkeri hefur tekið til starfa, tvær konur hafa verið teknar formlega inn í deildina og fjórar konur til viðbótar eru í kynningarferli. Vefritið okkar hefur komið út og Facebooksíðan er notuð til samskipta og kynningar á efni sem snertir fræðslustörf á einn eða annan hátt.

Vetrarstarf deildarinnar hófst þann 27. ágúst með skógarferð og heimsókn til Önnu Guðmundsdóttur varaformanns en hún býr að Reykhúsum í Eyjafjarðarsveit. Anna leiddi deildarkonur um Reykhúsaskóg og sagði frá skógræktinni þar. Að göngu lokinni snæddu deildarkonur skógar-sveppasúpu í fallegu rjóðri í skóginum. Sveppina hafði Anna tínt daginn áður og var súpan hituð á eldstæði í rjóðrinu.

Sjálfbærni er þema haustsins hjá Mýdeild og var tónninn sleginn með þessum hætti. Að útiveru lokinni var óformlegur fundur heima í Reykhúsum þar sem stjórnin viðræði hugmyndir að vetrarskipulagi og lagt var á ráðin um skiptingu í hópa.

Næsti fundur var haldinn í Þingeyrjarsýslu, út með Kinnafjöllum, nánar tiltekið að Árteigi heima hjá Önnu Harðardóttur. Fræðilegt innlegg á fundinum hafði snertiflöt við sjálfbærniáherlsu deildarinnar á þann veg að fjallað var um endurnýtanlega orku eða smærri virkjanir og heimarafstöðvar. Eiður Jónsson kynnti tilurð og rekstur slíkra virkjana en faðir hans, Jón Sigurgeirsson, var mikill frumkvöðull í þessum efnum og nær saga túrbínusmíði í Árteigi aftur um röska hálða öld. Fyrsta alvöru rafstöðin var byggð þar um 1950. Hún hefur verið stækkuð í tvígang og getur nú framleitt um 200kw. Deildarkonur héldu heim margs vísari um sjálfbærni og höfðu á orði að sérstaklega fallegt væri í Útkinn, þangað skyldu þær koma fljótt aftur.

Næst hittist Mýdeildin í Giljaskóla á Akureyri. Mjög góð mæting var á fundinn og ánægjuleg stund þegar tvær nýjar konur gengu formlega í deildina. Ragnheiður Júlíusdóttir kynnti starfsemi sérdeildar Giljaskóla en í henni eru við nám nemendur með alvarlegar fatlanir.

Fróðlegt var að fá innsýn í og ræða faglegt og metnaðarfullt starf deildarinnar. Ragnheiður Björk Þórsdóttir flutti hugvekju um sjálfbærni fyrr og nú og ræddi um hugtakið út frá vefnaði og hvaða hlutverk vaðmálið hefur haft í sögu og afkomu okkar gegnum

Pistill frá landssambandsforseta Guðbjörgu M. Sveinsdóttur

Styrkjum tengsl til framtíðar



Kæru Delta Kappa Gamma félagar

Í júlí s.l. tók ég við sem forseti landssambands DKG og með mér í stjórn sitja Sigríður Ragnarsdóttir úr Íotadeild, Krístrún Ísaksdóttir Gammadeild, Þorgerður Sigurðardóttir Betadeild og Marsibil Ólafsdóttir Kappadeild. Gjaldkeri sambandsins er Jensína Valdimarsdóttir Deltadeild og lögsögumaður er Auður Torfadóttir, Etadeild. Fráfarandi forseti Sigríður Ragna Sigurðardóttir, Alfadeild, starfar með stjórninni. Allar nefndir eru fullskipaðar og á heimasíðunni má sjá hvaða konur sitja í nefndum. Nefndarkonur koma úr öllum deildum og ég hvet ykkur til að hafa samband við nefndarkonur ef

þið eruð með hugmyndir eða ábendingar til viðkomandi nefndar.

Núverandi stjórn DKG hefur sett sér einkunnarorðin *Styrkjum tengsl til framtíðar*. Þar er einmitt verið að vísa í mikilvægi þess að kynnast vel bæði innan deildar sem utan þannig að við getum myndað sterk tengsl við sem flestar DKG konur. Að búa sér til tengslanet er nauðsynlegt á okkar tímum og fyrir konur í stjórnunarstörfum er það afar mikilvægt. Við þurfum á því að halda að vita af öðrum konum, verkefnum þeirra og reynslu þannig að við getum óhikað leitað til þeirra. DKG er einmitt vettvangur slíkra tengsla.

Ég hvet ykkur til að senda inn greinar á heimasíðuna okkar, láta vita af því sem þið eruð að gera. Senda grein í fréttablaðið okkar og senda upplýsingar á Facebook síðuna. FB síðan er óðum að glæðast og þar hefur undanfarnar vikur farið fram skemmtileg umræða og konur hafa einnig verið að miðla því sem þær eru að gera t.d. útgáfa bóka o.fl. Að láta vita af sér og verkum sínum er nauðsynlegt til að koma sér á framfæri og þið eruð flottar konur að vinna að frábærum verkefnum sem eiga

fullt erindi inn á síðurnar okkar. Slík athygli getur fleytt ykkur yfir á það stig að konur um allt land vita af ykkur og geta leitað til ykkar og/eða bent á ykkur.

Stjórnarkonur eru staðsettar víða um landið og því höfum við notað SKYPE til að halda stjórnarfundi. Ég hvet ykkur til að nota slíkan búnað ef konur úr ykkar deildum eru að heiman eða eiga ekki heimangengt. Þannig geta þær haldið sambandi við ykkur félagana. Ég er líka tilbúin að vera með ykkur á deildafundum í gegnum netið og þannig get ég hitt ykkur oft.

Stjórnin leggur einnig áherslu á að efla samstarf milli deilda og vera jafnvel með vinadeild. Það getur aukið fjölbreytni og skapað skemmtilegt samstarf. Félagskonur eru líka hvattar til að mæta á fundi hjá öðrum deildum.

Ef þið eruð staddar að heiman og vitið af fundi í annarri deild er um að gera að vera í sambandi við formann eða stjórnarkonu og láta vita af áhuga ykkar á að mæta sem gestur. Ykkur verður örugglega vel tekið.

Evrópupingið var haldið í ágúst í Amsterdam. Það sóttu nokkrar íslenskar konur og sumar þeirra voru með fyrirlestra og stóðu sig mjög vel. Þingið gekk mjög vel og hópurinn átti góðar stundir saman. Hápunktur þingsins var Achieve-

ment Award viðurkenningin sem Sigrún Klara Hannesdóttir fékk fyrir vel unnin störf í þágu Delta Kappa Gamma en þetta er æðsta viðurkenning sem DKG samtökin veita. Næsta Evrópuping verður haldið í Svíþjóð og gaman væri að fjölmenna þangað.

Næsta alþjóðaping verður haldið í Indianapolis í júlí/ágúst 2014 og eins og sjá má á Facebook þá eru konur farnar að hugleiða ferð þangað. Á því þingi verður kosin næsta stjórn alþjóðasamtakanna. Þar verður einnig kosið í nokkrar nefndir m.a. Nomination Committee en þar hefur Sjöfn Sigurbjörnsdóttir verið tilnefnd og óska ég henni góðs gengis.

Næsta vorþing verður haldið á Ísafirði laugardaginn 10. maí n.k. og eru lotakonur byrjaðar að huga að umgjörðinni. Innan skamms verða sendar út upplýsingar um gistimöguleika o.fl. er við kemur þinginu. Gaman verður að sjá ykkur sem flestar fyrir vestan. Menntanefndin kemur til með að skipuleggja fræðsludagskrá og lotasystur menningar- og skemmtidagskrá. Þetta þing verður örugglega bæði fræðandi og fjörugt.

Ég hvet ykkur til að vera virkar í deildastarfinu. Um leið og við eflum vináttu og styrkjum tengslin þá fræðumst við og höfum gaman. Deildirnar reyna að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu í bland við

menntun sinni og lífshlaupi. Hún ræddi um það hversu brýnt það væri að að fólk skynjaði mikilvægi framleiðslugreina fyrir þjóðarhag og þörfina á að styðja við fyrirtæki sem væru í þeim geira. Þannig efldum við lífshlaup fólkisins í landinu. Áhugi á að efla iðngreinar í skólakerfinu væri því miður ekki nægilegur. Hún ræddi um stöðu stúlkna í skólakerfinu og rakti áhyggjur sínar af því hversu lítinn áhuga þær sýndu raungreinum og áhuga hennar á að bæta úr því. Sem formaður Samtaka iðnaðarins á Íslandi beiti hún sér fyrir vakningu á því sviði og er verkefni í gangi sem nefnt er „Gert“ og er aðgerðaáætlun starfshóps á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka iðnaðarins til að auka áhuga 10-15 ára nemenda á raunvísindum og tækni.

Annar fundur var í boði framkvæmdastjóra Fræðslusetursins Starfsmenntar en það er Hulda Anna Arnljótsdóttir sem er Kappasystir. Hulda sagði okkur frá þróun starfseminnar og ræddi það hvernig allt er að breytast varðandi menntun fólks, nýjar leiðir opnast og menn geti menntað sig áfram eftir þeim brautum sem starf þeirra býður.

Jólafundur deildarinnar í byrjun desember er ávallt með sérstökum hátíðarbrag, haldinn í heimahúsi með kræsingum á

borðum og er venjan að fá áhuga-verðan leynigest sem er aðalfyrirlesari kvöldsins. Formaður deildarinnar á forlata górrubúning sem við fáum leynigestinn til að klæðast meðan fundarkonur spyrja „spjörum úr“ til að komast að því hver hann er.

Í febrúar ár hvert er venjan að hafa bókafund þar sem Kappasystur segja frá áhuga-verðum bókum og höfundum sem hafa heillað og haft áhrif á þær. Við áætluð svo að halda áfram að hlusta á konur í brúnni á fundum okkar fram á vor og leggjum áherslu á að fá að heyra frá Kappasystur sjálfum um menntun þeirra, lífshlaup og störf.



Í lok fyrsta fundar vetrarins. Frá vinstri: Sigríður Johnsen, formaður Kappadeildar, Svana Helen Björnsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins á Íslandi, Anna Kristín Sigurðardóttir, gestgjafi kvöldsins og Guðbjörg Sveinsdóttir forseti DGK á Íslandi.

Sigríður Johnsen
Formaður Kappadeildar

þar sem svona háttar til.



líf og fjör hjá okkur þegar vorfundur DKG verður haldinn á Ísafirði og hlökkum við til að sjá ykkur sem flestar þar.

*Kveðja frá Ísafirði
Jóna*



Kappa

Umræður að loknum fyrirlestrum voru áhugaverðar, þar skiptist fólk á skoðunum um málefni allra skólastiganna og lítum við svo á að ráðstefnan hafi verið fyrsta innlegg okkar í að efla samstarf þeirra á milli hér á svæðinu.

Fleira hefur verið á döfnni hjá DKG konum á Vestfjörðum þetta haustið. Soffía Vagnsdóttir lauk meistaratitgerð sinni sem ber heitið „*Bolungarvík : að breyta þorpi í þjóðbraut : tengsl menningartengdrar ferðapjónustu, sjávarþorpa og samfélagsfrumkvöðla*“. Soffía mun kynna okkur ritgerðina sína á fundi í. En Soffíu er margt til lista lagt og í haust gaf hún einnig út námsefnið „*Trommur og töfratepp*“ sem er tónlistarnámsefni fyrir börn. Í janúar munum við verða með hefðbundinn bóka fund, svo förum við og fræðumst um mjólkurvinnslu Örnú í Bolungarvík en þar er framleidd laktósafrí mjólk og mjólkurafurðir. Í mars verðum við með kynningu á markþjálfun og í apríl gerum við ráð fyrir að verði

Í Kappadeild eru 24 félagskonur og í stjórn félagsins eru Sigríður Johnsen formaður, Gunnlaug Hartmannsdóttir varaformaður, Erla Guðjónsdóttir ritari, Erla Gunnarsdóttir gjaldkeri og Anna Kristín Sigurðardóttir, meðstjórnandi.

Þema vetrarins er „Konan í brúnni“ og ætlum við að líta til kvenna, bæði innan deildarinnar og utan, sem hafa látið til sín taka, eru frumkvöðlar, stjórnendur og leiðtogar og óragar við að taka kúrsinn, ákveða stefnu og standa vaktina í brúnni.

Á fyrsta fundi deildarinnar sem var í október kom Guðbjörg Sveinsdóttir forseti DKG á Íslandi og sagði okkur frá starfi stjórnar og markmiðum sem þær hafa sett sér sem m.a. miða að auknum stuðningi og sambandi við deildir sambandsins.

Einnig fengum við Svönu Helen Björnsdóttur formann Samtaka iðnaðarins til að segja frá

skemmtilega og konur hafa tækifæri til að taka þátt í umræðum um margvísleg málefni.

Ég hvet ykkur líka til að taka þátt í ráðstefnum og landssambandsfundum, bjóða ykkur fram í nefndir bæði innlendar og erlendar því þannig kynnist þið samtökunum betur.

Ég óska ykkur, ágætu félagskonur, alls hins besta. Ég vona að þið eigið ánægjulegt vetrarstarf fyrir höndum og njótið þess að vera Delta Kappa Gamma konur.

*Bestu kveðjur frá lands-
sambandsforseta,
Guðbjörg M. Sveinsdóttir*

** Hann byrjar hljóðlega en **
** sækir í sig veðrið. Sittrar milli **
** laga, verður að læk og **
** síðan beljandi fljóti. **
** Straumurinn magnast uns **
** sprengikrafturinn þeytir **
** honum upp á yfirborðið og **
** fram af brúninni með boða- **
** föllum svo undir tekur í **
** fjöllumunum. **
**
** Virkjaðu hann – hláturinn – **
** þennan umhverfisvæna **
** kraft. **
**
** Aðalbjörg Þórðardóttir, **
** f. 1951 **

Evrópuráðstefnan í Amsterdam

Helga Á. Thorlacius



Ég og herbergisfélagi minn, Eygló Björnsdóttir (Beta), flugum út ásamt fleiri konum mánudaginn 5. ágúst. Sumar voru farnar á undan og aðrar komu daginn eftir.



Dagana 5.-10. ágúst síðastliðinn sótti ég áttundu Evrópuráðstefnu Delta Kappa Gamma í Regional Community College of Amsterdam (ROCvA). En þess má geta að fyrsta Evrópu-ráðstefnan var einmitt haldin í Hollandi, í Breukelen sem er frábær staður rétt fyrir utan Amsterdam.

Flestir ráðstefnugesta gistu á Holiday Inn hótelinu rétt hjá skólanum. Það fór vel um okkur þar. Það er einhver ólýsanlegur ævintýrablaer yfir Amsterdam, mörg gömul hús og fjöldi síkja með stöðugri umferð báta. Svo ekki séu nefnd öll listasöfnin, galleríin, kaffihúsin og mat-sölustaðirnir.

Hópurinn frá Íslandi var fjölmennur, alls fimmtán konur úr sjö deildum. Margar höfðu ýmsum skyldum að gegna á ráðstefnunni.

Fyrir sjálfa ráðstefnuna sóttu nokkrar úr hópnum Europe Pre-Conference Seminar. Yfirskrift þess fræðslufundar var Menntun fyrir alla. Í forsvari fyrir Forum nefndina er fulltrúi Íslands Ingibjörg Jónasdóttir (Gamma). Hjá öllum fyrirlesurunum kom fram hversu mikilvæg menntun er sama hvernar þjóðar, hvers kyns eru.

Við Steinunn Ármannsdóttir (Alfa)

starfs og skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar til málþings henni til heiðurs þann 6. september s.l. Í haust gaf Háskólaútgáfan út bók Kristínar Bjarnadóttur, *Vegleiðsla til talnalistarinnar*, sem geymir þrettán greinar um íslenskar kennslubækur í reikningi.

Árný Ellasdóttir
Formaður Gammadeildar



IOTA

Af IOTA deild er það helst að fréttu að undir vor í fyrra lögðum við mikla áherslu á sjálfsrækt, heimsóttum bæði Vesturafli sem er geðræktarmiðstöð á Vestfjörðum og fórum í jóga með Mörtu Ernst-dóttur.

Þrjár konur sóttu svo landsambandsþingið á Hótel Heklu og skemmst er frá að segja að þessar þrjár urðu svo hrifnar að ákveðið var að reyna að flytja ráðstefnuna í heilu lagi vestur á Ísafjörð. Frekar flókið reyndist að finna tíma þar sem allir þessir frábæru fyrirlesarar ættu heimgengt í einu en það tókst þó að lokum. Á þessu ári höfum við því aðeins haldið einn venjulegan fund, þá kynnti Kristín Ósk Jónasdóttir mastersverkefnið sitt. Hún fjallaði um stöðu þeirra fram-

kvæmdastjóra sveitarfélaga á Íslandi sem störfuðu á árunum 1986 – 2011, með tilliti til menntunar, pólitískar þátttöku, kyns, búsetu og starfsaldurs. Þetta var nýtt sjónarhorn á sveitarstjórnarmálin og afskaplega áhugavert.



Í október héldum við svo ráðstefnuna „Á flekamótum“. Þangað komu tæplega 60 manns og vorum við hæstánægðar með þátttökuna. Við viljum einnig þakka þeim ágætu DKG konum sem héldu fyrirlestrana fyrir þeirra þátt í þessu því án þeirra hefði þetta ekki getað orðið að veruleika. Við vonumst einnig til að með þessu höfum við stigið ákveðið skref til að efla samræðu milli skólastiga hér í okkar heimabyggð. Á mörgum stöðum á landsbyggðinni er staðan svipuð og hér hjá okkur, það er flest börnin koma úr sama leikskóla, fara í sama grunnskólann og svo í framhaldsskólann. Við lítum svo á að ákveðin sóknarfæri felist í því að efla samstarf þessara skólastiga, sérstaklega á stöðum

félagskvenna eða á stöðum sem þær heimsækja til að kynna starfsmenn þar. Fundir eru ýmist síðdegis eða kl. 19.30.

Dagskráin í vetur byggir, eins og í fyrra, á einkunnarorðum Lands-sambandsins. Frá orðum til athafna. Fjallað er um útfærslu á grunnþáttum menntunar í nýjum aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 2011 sem eru þeir sömu fyrir öll skóla-stig. M.a. er leitað í smíðju Gammakvenna sem deila með okkur rannsóknum og reynslu.

Oft tengist fyrsti fundur vetrarins á einhvern hátt menningu og listum. Í þetta sinn heimsóttu Gammakonur menningarsetrið Hannesarholt, <http://www.hannesarholt.is>. Ragnheiður Jóna Jónsdóttir, einn af stofnendum og eigendum setursins og DKG kona, sagði frá markmiðum þess og starfsemi. Einnig var vel heppnað lands-sambandsþing s.l. vor rifjað upp.

Í október bauð Sirrý (Sigríður Jónsdóttir) Gammasystrum til sín í tilefni áttæðisafmælis síns í ágúst s.l. Ingibjörg Jónasdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir voru með orð til umhugsunar til afmælis-barnins.

Hertha Jónsdóttir og Ingibjörg Jónasdóttir sögðu frá Evrópuþinginu í Amsterdam og afmælisbarnið deildi með okkur eftirminnilegum stundum í Delta

Kappa Gamma. Að lokum var sungið undir stjórn Þórunnar okkar Björnsdóttur.

Nóvemberfundurinn var í Fjölbautaskólanum í Garðabæ. Þar höfðu nemendur á leiklistarbraut skólans, þeirri einu á framhaldsskólastigi, undirbúið mjög áhugavert atriði. Bjarni Snæbjörnsson, leiklistarkennari sagði svo frekar frá brautinni og Kristinn Þorsteins-son, skólameistari frá skólanum og svaraði spurningum um starf-semina. Síðan var hugað að inntöku nýrra félaga en Gamma-deild stefnir á að taka inn fjóra nýja félaga í vor. Auk þess fögnum við nýjum liðsmanni, Helgu Thorlacius, sem á fundinum var boðin velkomin í deildina en hún starfaði áður með Beta-deild.

Jólafundurinn er þann 9. desember og verður hann með hefðbundnu sniði. Gammakona verður með orð til umhugsunar, rithöfundur kynnir nýja bók sína og jólalögin verða sungin vel og lengi.

Gammakonur láta víða til sín taka. S.l. sumar var Jóhanna Einarsdóttir skipuð forseti menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

Í tilefni af sjötugsafmæli Gerðar Óskarsdóttur og útkomu bókar hennar *Skil skólastiga* efndu Rannsóknarstofa um þróun skóla

sátum áhugavert námskeið frá alþjóðasamtökunum sem bar yfirskriftina „*It does not take Barbells to strengthen Chapters.*“ Ingibjörg Jónasdóttir (Gamma) sá um það námskeið. Það fjallaði, eins og titillinn ber með sér, um það hvernig hægt er að styrkja innviði deilda og efla samstarfið á ýmsa vegu. Tveir fulltrúar frá hverju Evrópulandanna sátu námskeiðið. Deildir geta pantað þetta námskeið til sín.



Síðdegis þann 7. ágúst setti Evrópuforsetinn Marika Heimbach frá Þýskalandi ráðstefnuna og bauð þinggesti velkomna. Hún sagðist vona að allir nyttu þessara daga í Amsterdam og ættu eftir að mynda ný tengsl innan samtakanna óháð landamærum. Við setningarathöfnina eru fávar landanna bornir inn og er það alltaf falleg og hátíðleg athöfn. Sigríður Ragna Sigurðardóttir fráfarandi landssambandsforseti bar okkar fána inn með sóma.

Aðstoðarborgarstjóri Amsterdam Dr. Carolien Gehrels er mér mjög minnisstæð. Hún bauð ráðstefnugesti velkomna fyrsta kvöldið og tók einnig á móti okkur í boði borgarstjóra í ráðhúsi Amsterdamborgar síðdegis á fimmtudegi. Þessi unga kona geislaði af öryggi og heillaði alla viðstadda með leiftrandi ræðumennsku.



Eftir setningarathöfnina var komið að Dutch night „Verrassing!“ þar fengum við að smakka alls konar mat, drykki og ís frá Hollandi. Síðan birtust nokkrir hressir drengir frá fyrrverandi nýlendu Hollendinga, Surinam og hófu að spila sprellfjöruga tónlist. Við hana var dansað af fullum krafti og sumir dönsuðu langt fram eftir nóttu.

Yfirskrift allra svæðaráðstefna Delta Kappa Gamma þetta árið var: Deilum sýn okkar eflum sam-tökin (Sharing our Vision Strengthening our Society). Í Evrópu voru þessi undirpemu: Ríkisborgara-réttur (citizenship),- vinátta í

menntun um allan heim (friendship in education world wide),- menntun og tækni (education and technology).

Erfitt gat verið að velja milli gríðarlegs framboðs af fyrirlesturum, fræðslufundum og umræðufundum. Fyrir utan aðalfyrirlesturana voru 38 fræðslufundir (Workshops), sem tengdust þemanu. Til gamans má geta þess að sjö íslenskar konur voru með erindi á fræðslufundunum.



Fyrsti hluti ráðstefnunnar á fimmtudeginum var helgaður ríkisborgararétti. Dr. Carla von Cauwenberge var einn af aðalfyrirlesurum. Hún fjallaði um menntun í Hollandi og hvernig hefur verið unnið með mál innflytjenda í skólum í Hollandi. Einnig fjallaði hún um þjóðfélagslegt gildi menntunar fyrir alla hópa.

Annar morgunninn var helgaður vináttu í menntun. Aðalfyrirlesarinn þar var Dr. Adriana

Fishta-Bejco. Hún er sérfræðingur í kennslu innflytjenda. Hún náði strax athyglinni hjá okkur með því að bjóða góðan daginn á alþönsku og láta okkur endurtaka. Hún talaði um mikilvægi þess að virða menningu innflytjenda og byggja tungumálakennsluna á reynslu þeirra.

Ýmislegt annað er eftirminnilegt svo sem skemmtilegu hléæfingarnar hennar Mary Lauk frá Eistlandi. Það var aðdáunarvert hvernig þessi unga kona fékk okkur allar til að taka þátt í The Art of Movement og telja með á framandi tungumáli.

Á meðan á ráðstefnunni stóð var einnig svokallað Info-Fair þar sem hinar ýmsu alþjóðanefndir kynntu starfsemi sína. Ísland á nokkra fulltrúa í alþjóðanefndunum og sinntu þær allar sínum störfum með sóma.

Öll löndin komu með smá innlegg til skemmtunar eins og hefð er orðin fyrir. Íslenski hópurinn setti t.d. saman kór og söng Litlu fluguna og Á Sprengisandi eins og við hefðum ekki gert annað um ævina.

Night on the Town var skemmtilegt. Eftir heimsóknina í ráðhúsið tók við sigling um síki og sund að gamalli verksmiðju sem breytt hafði verið í veitingahús. Þar nutum við kvöldsins við söng og dýrindis mat. Hátíðar-

ákveðið var að gera enn eina afar hlýlegt og heimilislegt. atlögu að breytingum.

Jólafundurinn verður 3. desember. Starfið í Etadeild gengur fyrir sig á venjubundinn hátt. Við höldum í þá venju að hópar sjái til skiptis um fjóra af sex fundum starfsársins. Nýlega sögðu tvær félagskonur sig úr deildinni. Þegar er hafin sókn í að fjölga í deildinni. Öðru hvoru koma upp umræður um tilgang þess að vera í félagskap sem þessum. Vissulega er samveran og fræðslan mikils virði, en hins vegar eru raddir um að félagsskapurinn mætti vera sýnilegri út á við með því að taka þátt í einhverjum verkefnum innanlands. Það væri vissulega gaman ef deildirnar hér á landi sameinuðust um eitthvað í þá veru.

Auður Torfadóttir
formaður Etadeildar

Annar fundur var haldinn 13. nóvember í Norðlingaskóla. Þar er skólastjóri ein úr okkar hópi, Sif Vígbórsdóttir. Umsjónarmaður unglingadeildarinnar, Ragnar Þór Pétursson, sagði okkur frá einkar athyglisverðu starfi sem beinist m.a. að því að efla sjálfsmynd nemenda og auka vellíðan þeirra. Hann og Sif svöruðu greiðlega spurningum forvitinna Etakvenna og það er greinilegt að hér er á ferð metnaðarfullt og gróskumikið skólastarf. Auk þessarar andlegu næringar, var í boði hin margrómaða skólastjórásúpa ásamt meðlæti. Í lok fundar leiddi Sif okkur um skólahúsnæðið sem er



Gamma

Í Gammadeild DKG, sem var stofnuð 1977, eru 36 konur. Í stjórn deildarinnar 2012 – 2014 eru: Árný Elíasdóttir, formaður, Svana Friðriksdóttir, varaformaður, Björk Einisdóttir, ritari, Margrét Jónsdóttir, meðstjórnandi og Ragnhildur Þórarinsdóttir gjaldkeri.

Gammasystur funda átta sinnum yfir veturinn, ýmist á heimili

Epsilon

Heilar og sælar! Starfið okkar í Epsilondeild er að fara af stað í vetur. Við fórum nokkrar í menningarferð til Reykjavíkur 9. október og fórum í garðinn við Hnitbjörg, safn Einars Jónssonar á Skólavörðholti og skoðuðum verkin hans. Nokkrar sóttu málþing um barnabókmenntir sem haldið var af tilefni 70 ára afmælis Sigrúnar Klöru Hannesdóttur þann sama dag og var mjög áhugavert. Við snæddum síðan allar saman á Tapashúsinu sem er skemmtilegur staður við höfnina.

Næstkomandi laugardag 16. nóvember höfum við fund í Vatns-holti í Flóa, gestur fundarins er Sigrún Jóhannesdóttir úr Delta-deild og mun hún fjalla um hugrækt og ýmislegt fleira gott sem getur nýst okkur í daglegu lífi.

*Bestu kveðjur,
Rósa Marta Guðnadóttir*

Eta

Frá því síðasta fréttabréf kom út hefur starfsemi Etadeildar verið sem hér segir: Síðasti fundur fyrra

starfsárs var haldinn í Gróskusal á Garðatorgi 30. maí. Gestur og fyrirlesari var Gerður G. Óskarsdóttir og ræddi hún hina yfirgripsmiklu rannsókn sína á skilum skólastiga, einkum út frá forðómum, þ.e. því sem heyrir sagt um skólastigin þrjú og hvernig rannsóknarniðurstöður styðja eða hrekja það sem sagt er. Erindi Gerðar varð kveikjan að líflegum umræðum sem stóðu langt fram yfir auglýstan fundartíma og fóru víða. M.a. var rætt um styttingu framhaldsskólans, brottfall, sjálfsmynd kennara og einhliða kennsluhætti.

Á undirbúningsfundi fyrir starfsárið 2013-2014 ákvað stjórnin að fundarefni skyldi tengjast 7. markmiði DKG: *Að fræða félagskonur um það sem er efst á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.*

Fyrsti fundur starfsársins var haldinn 9. október í húsakynnum Menntavísindasviðs HÍ. Salvör Nordal, formaður stjórnarskrárhópsins var gestur okkar og fyrirlesari og bar erindi hennar heitið Stjórnaskrármálið. Mistök og lærdómar.

Erindi Salvarar var einkar áhugavert. Hún fjallaði um fyrri tilraunir til þess að breyta stjórnarskrá Íslands og aðdraganda þess að

kvöldverðurinn stóð alveg fyrir sínu. Þar var okkur raðað til borðs og nutum við tónlistaratriða og ræðuhalda.



Hápunkturinn fyrir okkur Íslendingana var þegar tilkynnt var að Sigrún Klara Hannesdóttir í Alfa deild yrði þess heiðurs aðnjótandi að hljóta International Achievement Award fyrst Evrópukvenna. Það er æðsta viðurkenning innan Delta Kappa Gamma samtakanna. Við sátum þarna stoltar og margar með tårin í augunum, svo mikill fannst okkur heiðurinn. Sigrún Klara á svo sannarlega skilið að fá þessa viðurkenningu. Hún hefur verið ötull liðsmaður í samtökunum alla tíð og hvatning okkur hinum. Enn og aftur innilega til hamingju Sigrún Klara.



dagskrá síðasta morgunninn. Á þessum fundi eru málefni Evrópusvæðisins tekin fyrir auk venjulegra aðalfundarstarfa. Í nefndinni er einn fulltrúi frá hverju Evrópulandi og er Ingibjörg Jónasdóttir formaður nefndarinnar. Marianne Scardeus var með orð til umhugsunar í upphafi fundarins og lagði út frá samþykkt UNESCO, síðan árið 2000, um menntun fyrir alla. Á Forum fundinum voru European Achievement Award verðlaunin veitt í fjórða sinn. Það var ánægjulegt tegar Kate York frá Bretlandi var kölluð upp til að veita þeim viðtöku. Hún hefur alltaf sett málafni Evrópu í fyrsta sæti. Verðlaunagripurinn var í þetta sinn hannaður og smíðaður af íslenska gullsmiðnum Fríðu Jónsdóttur. Þess má geta að Evrópska Forum nefndin hefur vefsíðu og þar má lesa um þau málefni sem eru til umræðu hverju sinni. Slóðin er <http://dkgeurope.org>

Á þessum síðasta morgni sem var European Forum fundurinn var á helgaður tækni í kennslu var

Þriðji aðalfyrirlesarinn Dr. Jelle-Jan Bruinsma stjórnandi YouTube í Norður-Evrópu. Hann sýndi okkur ýmsa kosti þess að setja kennslustundir inn á YouTube og hvaða tækifæri felast í þessari tækni fyrir þá sem þurfa á endurtekningu að halda. Kennarinn hefur þá meiri tíma til umræðna og til að aðstoða nemendur sem annars þyrftu að fá sérkennslu. Hann benti á ýmsa vefi og aðferðir til að breyta kennsluháttum og hressa upp á kennsluna (t.d. YouTube EDU, KahnAcademy, Flipped classroom).

Efst í huga mér eftir ferðina til Amsterdam er samstaðan og vináttan sem einkennir samtökin. Að hitta vini og mynda alþjóðleg tengsl við alla þessa frábæru frumkvöðla í fræðslustörfum. Hluti starfsins í þessum samtökum er að sækja þing og ráðstefnur á þeirra vegum. Ég vil



hvetja allar íslensku konurnar í samtökunum til þess að sækja þing og ráðstefnur á vegum DKG. Hvort sem það er innanlands eða utan. Það er ótrúlegur kraftur og viska sem maður verður aðnjótandi í slíkum ferðum. Ég vil jafnframt benda á að hægt er að nálgast fleiri myndir frá ráðstefnunni á vef Landsambandsins.

*Helga Thorlacius
Betadeild (Gammadeild)*



Næsti formlegi fundur var haldinn 22. október. Svanfríður Jónasdóttir sveitastjóri Dalvíkurbyggðar kom og fjallaði um stjórnsmál og félagsmál. Þessi liður tengist yfirskrift stjórnar Betadeildar fyrir árin 2012 – 2014, „Konur fræða konur“ þar sem horft er sérstaklega til 7. markmiðs alþjóðasamtakanna. Það var bæði ánægjulegt og fróðlegt að hlusta á erindi Svanfríðar sem hefur lengi starfað að stjórnsmálum og félagsmálum.



Í október hittu formenn Beta- og Mýdeildar, tveir stjórnarmeðlimir Mýdeildar og vefstjóri Betadeildar og landssambandsins, Guðbjörgu M. Sveinsdóttur landssambandsforseta ásamt nýrri samskipta- og útgáfunefnd DKG. Meginefni fundarins var að fara yfir verkefni nefndarinnar en tveir fulltrúar frá Betadeild og tveir fulltrúar frá Mýdeild sitja í nefndinni næstu tvö árin.

Stjórnir Beta- og Mýdeilda hittust um miðjan nóvember til að skipuleggja sameiginlegan jólafund deilda en frá stofnun Mýdeildar

fyrir rúmum tveimur árum hafa þessar deildir átt saman ánægjulegan jólafund. Því verður næsti fundur þriðji jólafundurinn sem deildirnar eiga saman.

Skemmtilegar hefðir.

Á hverjum fundi er lítil pyngja látin ganga og félagskonur setja frjáls framlög í pyngjuna. Að vori er svo sá peningur sem hefur safnast saman sendur til styrktar menntun stúlkna undir heitinu Schools for Africa á vegum Unicef.

Önnur hefð sem hefur festst í sessi er happadrætti en á hverjum fundi er dregið í happadrætti og sú kona sem síðast fékk vinning sér um að koma með vinning á næsta fund. Það er oft mikið hlegið þegar dregið er um vinningshafa því sumar konur hafa verið árum saman í samtökunum en hafa kannski einu sinni fengið vinning á meðan aðrar konur hafa fengið vinning þrisvar til fjórum sinnum á nokkrum árum.

Merkisafmæli.

Fríða Pétursdóttir varð fimmtug þann 28. september s.l. og fær hún hlýjar kveðjur frá öllum í Beta-deild. Fríða hefur verið félagi frá 18. október 2011 og hefur hún verið virk í starfi deildar. Hún er í útbreiðslunefnd og svo í nýskipaðri samskipta- og útgáfunefnd DKG.

*Með félagskveðju,
Jónína Hauksdóttir formaður.*

samtökin okkar eða deildin okkar gæti komið að þessum málaflökki. Alfadeildin mun leita fleiri „lykla að samfélaginu“. Auk samskipta og lista munu jafnréttismálin verða skoðuð og munu þá skólastjóri og námsráðgjafi Borgarholtsskóla taka á mótí okkur.

Leitin að fegursta orði íslenskrar tungu fór ekki fram hjá okkur í Alfadeildinni. Sérhver kona stakk upp á einu orði og saman mynduðu þau svo fagran hóp íslenskra orða.

*María Sólveig Héðinsdóttir
Formaður Alfadeildar*



Beta

Vetrarstarf Betadeildar hófst með formlegum hætti með árlegri haustferð 19. september s.l. Þetta árið var ferðinni heitið til Húsavíkur þar sem tvær Beta-systur, þær Hanna Salómons-dóttir og Guðrún H. Björnsdóttir tóku á mótí okkur en við vorum 16 sem lögðum af stað frá Akureyri í rútu. Á leið til Húsavíkur nutum við frábærrar leiðsagnar Margrétar Kristínar Jónsdóttur, gjaldkera deildarinnar, en hún er reyndur leiðsögumaður.

Þegar við komum til Húsavíkur heimsóttum við fyrst Hönnunar-

verksmiðjuna (Design Factory) þar sem starfsemi og vörur voru kynntar.



Einnig fórum við í Kaðlín handverkshús og fengum kynningu á starfseminni en 19 handverksmenn og konur reka staðinn og selja handverk sitt þar.



Því næst þáðum við léttar veitingar á heimili Hönnu í boði þeirra Hönnu og Guðrúnar. Að lokum fórum við á Gamla bauk þar sem við gæddum okkur á góðum mat og gengum svo til formlegrar dagskrár fundar.

Viðtalið Rósa Eggertsdóttir

Sú hefð hefur skapast hjá Beta-deildinni á Akureyri, þegar deildin á stórafmæli, að heiðra konu sem lagt hefur mikið af mörkum til menntunar og/eða menningar á svæði deildarinnar. Laugardaginn 2. júní 2012 hélt Betadeild upp á 35 ára afmælið sitt. Á þeim tíma-mótum var Rósa Guðrún Eggertsdóttir sem var sérfræðingur á Miðstöð skólapróunar við Háskólann á Akureyri heiðruð.



leitað.

Rósa hefur unnið með fjölda kennara á Norðurlandi og reyndar um land allt að ýmiss konar þróunarverkefnum sem flest þó hafa beinst að því að bæta árangur nemenda í lestri. Hún er höfundur að nýrri nálgun í lestrar-kennslu, Byrjendalæsi, sem hefur hlotið góðar viðtökur.

Rósa býr á Akureyri ásamt eiginmanni sínum, Gunnari Jónssyni en hann starfaði í mörg ár sem kennari og skólastjórnandi. Synir þeirra eru tveir: Hjálmar og Eggert. Hjálmar á tvo syni, þá Gunnar Hólm og Sigurð Jenna.

Okkur lék forvitni á að fræðast meira um störf Rósu og gildi þess fyrir hana að hafa fengið viðurkenningu Betadeildar. Tók hún vel í það að svara nokkrum spurningum þegar eftir því var

Þess má geta að Rósa fékk einnig viðurkenningu Skólanefndar Akureyrar árið 2012 fyrir framlag sitt til menntamála.

Fyrst langar okkur að vita hvar rætur þínar liggja?

Bernskustöðvarnar voru á Langholtsveginum í Reykjavík. Þar var sægur af börnum og mikið leikrými handan götunnar. Efst á holtinu þar sem Austur- og Vesturbrún eru nú, voru leiksvæði og átti maður gjarnan bú þar. Ég er komin af saumakonum, verkamönnum og sjómönnum og átti í skjóli þeirra hamingjurík æskuár.

Hvað varð til þess að þú gerðist kennari?

Tilviljun réði því að ég fór að

kenna. Lífið leiddi mig til Stykkis-hólms 1972. Þar var eiginlega um að ræða að fara í skelina eða að kenna. Ég hafði áður unnið við saltfiskverkun og í frystihúsi og ég freistaðist til sækja um kennslu með almennt próf frá Verslunar-skóla Íslands. Starfið fékk ég út á bókfærslu og vélritun en svo fór að ég kenndi fleiri fög, öll á gagnfræðastiginu. Fyrsta önnin var óheyrilega krefjandi. Í minningunni var ég daglega sveitt niður að mitti. En örlög mín voru ráðin þarna. Kennsluferillinn stóð yfir frá 1972 til 1995 og kenndi ég einnig við Hrafnagilsskóla í Eyjafirði, Grunnskóla Saurbæjarhrepps og Síðuskóla á Akureyri.

Segðu okkur aðeins frá kennaranámi þínu?

Árið sem ég hóf kennslu fyrir norðan voru *Lög um grunnskóla* samþykkt. Skólinn hafði starfað á tveimur stigum, þ.e. barnaskólastigi og gagnfræðastigi. Barnakennarar voru í Sambandi íslenskra barnakennara, SÍB og gagnfræðiskólakennarar voru í Landsambandi framhaldsskóla, LSFK. Þar sem skólastigin voru sameinuð í einn níu ára grunnskóla var rökrétt að kennarar gengju í eitt stéttarfélag. Innan LFSK var talsvert um réttindalausa kennara og þann hóp fyllti ég. Ég lauk stúdentsprófi frá MA 1979, kensluréttindanámi frá KHÍ 1982, BA í sérkennslu 1993 og meistaranám stundaði ég í

Cambridge og útskrifaðist 1995.

Þú varst ötul við að fara nýjar slóðir í kennslu. Hvað varð til þess að þú fetaðir þessar slóðir?

Ég man ekki til þess að námsmarkmið hafi verið ráðandi í kennslunni hér áður fyrr. Það skipti meira máli að komast yfir námsefnið. Ég held að ég hafi ekki verið góður kennari fyrstu árin því ég kenndi öllum nemendum sama efnið á sama tíma. Þá var kennsluskyldan 36 tímar á viku. Það sem gildi var að komast yfir námsefnið.

Á þessum árum störfuðu á vegum Menntamálaráðuneytisins námsstjórar, framúrskarandi fagfólk sem leiðbeindi kennurum út um allt land. Endurmenntunarstofnun KHÍ bauð ár eftir ár upp á fjölda námskeiða til þess að efla kennara. Kennarar voru, þegar þarna var komið, komnir í eitt stéttarfélag, Kennarasamband Íslands, sem á þeim árum vann ötult faglegt starf og mótaði skólastefnu undir forystu Svanhildar Kaaber formanns KÍ. Ennfremur var mikil virkni í svæðafélögum KÍ út um allt land. Bandalag kennara á Norðurlandi eystra – BKNE – var með öflugt starf og mikill samhugur ríkti á meðal kennara og skólastjóra á svæðinu sem voru samstíga Fræðsluskrifstofu Norðurlandsumdæmis eystra og nutu stuðnings hennar.



Pistlar frá deildum

Alfa

Alfadeildin ákvað að „lyklar að samfélagi“ yrði þema vetrarins. Auk þessa þema höfum við haft að leiðarljósi að styrkja innviði deildarinnar og stuðla að styðjandi, jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum. Við leggjum metnað okkar í að fundirnir skilji eftir sig fróðleik, gleði og góðar tilfinningar. Við höfum einnig lagt okkur fram um að efla tengslin við þær konur sem ekki hafa komist á fundina, t.d. með símhringingum og tölvupóstsendingum. Auk þessa höfum við verið að efla tengslin við vináttudeildina okkar sem starfar á Suðurnesjum.

Segja má að nýjustu rósirnar í hnappagötum okkar Alfadeildar séu þær Sigrún Klara Hannesdóttir og Sjöfn Sigurbjörnsdóttir. Báðar hafa þær brotið blað í sögu íslenskra Delta Kappa Gamma kvenna og hlotið verðskuldaðan frama og viðurkenningar hjá alþjóðasamtökunum.

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn 7.september í Hannesarholti.

Fundurinn var sannkallaður hátíðarfundur því að fimm nýjar konur voru teknar inn í deildina auk þess sem Sigrún Klara var heiðruð með rós og nokkrum orðum. Fundurinn var sérlega hátíðlegur og deildakonur fögnuðu innilega nýju konunum í deildinni. Auk þessara fimm nýju kvenna bættist ein í viðbót í hópinn. Þar var á ferð kona sem hafði verið í deildinni og ákvað hún, okkur öllum til mikillar ánægju, að koma aftur.

„Lykla að samfélagi“ má finna víða. Einn þessara lykla er án efa menntun. Við fengum því góða gesti frá Litla – Hrauni; forstöðumann og námsráðgjafa fangelsins. Þær héldu ógleymanlegt erindi um tilhögun menntunar fanga. Í kjölfar erinda þeirra voru fyrirspurnir og svöruðu þær fjölmörgum og góðum fyrirspurnum deildarkvenna.

Ljóst er að margt gott er gert á þessum vettvangi en betur má ef duga skal. Menntunarkostir kvenfanga eru miklum mun lakari en karlfanga og þar þarf einnig að lyfta Grettistaki. Í kjölfar þessa fundar hafa Alfadeildar konur velt fyrir sér hvort og þá hvernig

að einstaklingarnir næðu

ákveðnum árangri sem ekki var alltaf mælanlegur en veitti þeim samt sem áður hvatningu og aukna trú á sjálfan sig. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa meðal annars til kynna að langflestir telja að námið hafi eftir sjálfstraust þeirra og sé hvatning til áframhaldandi náms.

Pegar litíð er til þeirra markmiða sem stjórnvöld hafa sett sér fyrir árið 2020, að ekki meira en 10% þjóðarinnar verði án formlegrar menntunar í stað 31% eins og nú er, þá má gera ráð fyrir því að kröfur um menntun og símenntun verði sífellt meiri.

Grunnmenntaskólinn er ein af þeim leiðum sem færar eru þeim, sem stutta skólagöngu hafa og vilja efla sína færni til frekara náms og takast á við ný verkefni í starfi.

Námið á sér orðið nokkuð langa sögu og fjöldi fólks hefur tekið þátt í Grunnmenntaskólanum. Það var því ánægjulegt að sjá að í langflestum tilfellum eru einstaklingarnir ánægðir með námið og innihald þess. Síðast en ekki síst eru þó þátttakendur ánægðir með að hafa stigið skrefið til fulls og hafið nám að nýju. Mig langar að lokum að vitna í svar eins þátttakandans sem mér finnst gefa góða innsýn í hvaða þýðingu námið í Grunnmenntaskólanum hafði fyrir hann.

„Að fara í Grunnmenntaskólann var án efa sú allra besta ákvörðun sem ég hef tekið. Skólinn sneri lífi mínu við til hins betra. Þetta er alveg frábært prógram og ég hvet alla þá sem langar aftur í nám að kíkja á þetta og bendi fólki hiklaust á þennan möguleika.“



Við verðum að vökva okkar
eigið lífsblóm annars getum við
ekki gefið öðrum afleggjara.

✿✿ *Sesselja Hauksdóttir, f. 1948.*

Það er óhætt að segja að í kjölfar grunnskólaálaganna 1974 væri bátnum verulega ruggað. Það fóru að verða skil á milli þeirra kennara sem leituðu leiða til að styrkja sig faglega og þeirra sem kenndu alltaf sama árið ef svo má segja. Námsframboð KHÍ skipti gríðarlega miklu máli fyrir umbætur í kennslu. Bæði var það að kennaranámið var komið á háskólastig og KHÍ fékk erlent fagfólk til að styrkja endurmenntun og formlega framhaldsmenntun. Það má einnig halda því til haga að ráðamenn hjá KHÍ töldu sig hafa þjónustuskyldu við dreifðar byggðir landsins öfugt við HÍ.

Ég hreifst með þessari bylgju, glöð í bragði og viljug til að leggja upp í óvissuferðir. Ég er pólitísk en ákvað snemma að nota lífssýn mína, um jöfnuð, í starfi mínu frekar en á sviði stjórnmála. Eitt mikilvægasta birtingarform þess var að leita leiða til þess að sníða nám að þörfum nemenda án þess að aðskilja þá félagslega - námsaðlögun. Lykilatriði í því var að hætta að láta námsbækurnar ráða en þessi í stað að horfa til námsmarkmiða og þarfa nemenda sem einstaklinga. Út frá þeirri stöðu mátti svo nýta námsbækurnar og annað sem til féll til að efla námið og helst að njóta þess. Mér hefur alltaf þótt skemmtilegt að ná árangri og hef því lagt upp í mörg fagleg ferðalög með tiltekin markmið í huga sem mig langar að ná,

hvoru tveggja, kennslan og ráðgjöfin hafa gefið mér meira en nóg svigrúm til þess.

Hvað tók við hjá þér eftir
kennsluna í grunnskólunum?

Frá 1995 til 2012 starfaði ég sem kennsluráðgjafi undir ýmsum starfsheimum á vegum Fræðsluskrifstofu Norðurlandsudmæmis eystra, Skólapjónustu Eyþings og Háskólans á Akureyri. M.Ed. rannsóknin mín snerist um starfsþróun það hvernig kennarar læra í starfi. Þetta var umfangsmikil starfendarannsókn sem fór fram héraendis. Samlegð almennrar kennslureynslu í samkenndu og bekkjarkennslu á unglingastigi, miðstigi og yngri barna stigi, sérkennarasjónarhornið og starfsþróunarpælingar reyndust vera góður grunnur fyrir starf kennsluráðgjafans. Loks má geta þess að ég hef kennt nokkuð við HA og átti þátt í að móta framhaldsnám í lestrarfræðum til M.Ed. gráðu við skólann.

Getur þú nefnt nokkur verkefni sem þú hefur komið að?

Það eru nokkur stór verkefni sem ég hef starfað að, oftast með öðrum. *Aukin gæði náms – AGN* er enskt tveggja ára skólaþróunarverkefni sem Mel West nú prófessor í Manchester færði okkur á silfurfati. Alls tóku tíu skólar þátt í því verkefni á nokkurra ára bili en samstarfsmenn mínir voru Rúnar

Sigbórsson og Jón Baldvin Hannesson. Þetta verkefni leiddi af sér tvær fræðibækur og nokkrar skýrslur.

Árið 1998 hófst ETAI rannsóknin, þriggja ára verkefni undir forystu Íslendinga en aðrir þátttakendur voru frá Austurríki, Portúgal og Spáni. Afraksturinn kom út í bókinni *Pathways to Inclusion* en bókin hefur verið þýdd á íslensku (*Bætt skilyrði til náms*), portúgölsku, þýsku og ungversku. Ritun *Lexíu* með Þóru Björk Jónsdóttur reyndist mjög tímafrekt verkefni en um leið ánægjulegt.

Byrjendalæsið (BL) er líklega stærsta verkefnið. Það hefur verið skemmtilegt og stundum eins og rússibanaferð. Í kennaranáminu lærði ég hljóðaaðferðina af þeirri góðu konu Helgu Magnúsdóttur. Sömuleiðis var LTG kynnt sem ég varð mjög hrifin af. Um 1980 bættist enn ein lestrar-kennsluaðferðin við en það var Helhedslæsning sem Jörgen Frost er höfundur að. Á þessum árum var strax hafin sáning fræja sem spíruðu í BL. Í eigin kennslu notaði ég blöndu af þessum tveimur aðferðum. Það var þó ekki fyrr en skömmu fyrir aldamótin þegar Skólaþjónusta Eyþings og síðar Skólaþróunarsvið HA tóku til starfa að ég hafði svigrúm til að lesa meira og prófa ýmiss konar vinnubrögð með kennurum. Smátt og smátt varð myndin stærri og skýrari og

endaði sem fullburða lestrar-kennsluaðferð, Byrjendalæsi, þar sem tvinnast saman læsisfræði og kennslufræði. Mikið efni um læsi og kennslufræði fylgir því að læra um BL. Einnig fylgir BL umfangsmikið starfsþróunarlíkan fyrir kennara og leiðtoga. Ég vann að því að þróa BL í fimm til sex ár og þegar ég áleit það fullburða fékk ég sex skóla til að prófa aðferðina á árunum 2005 og 2006. Með aðkomu Jennýjar Gunnbjörnsdóttur og síðar Þóru Rósu Geirsdóttur sérfræðinga við Miðstöð skólaþróunar við HA hefur námskrá BL fyrir kennara orðið miklu þéttari og markvissari. Haustið 2013 hefur helmingur skóla landsins verið í samvinnu við HA um innleiðingu BL.

Ég lét af störfum við HA vorið 2012 en HA hefur sýnt mér þá vinsemd að veita mér aðgang að vinnusvæði til að skrifa bók um læsisfræði – líklega mun hún heita *Vellæsi*. Það væri í góðum takti við *Fluglæsi* (1998) og *Byrjendalæsi* (2006; 2007). Fleiri ráðgjafar hafa komið til starfa sem sinna Byrjendalæsisráðgjöf. Þetta er úrvalslíð sem tekst á við hvað sem er.

Hvað finnst þér vel gert í grunn-skólanum núna og hvað mætti að þínu álitu betur fara?

Varðandi gæði í skólastarfi þá væri ábyrgast að biðja eftir helstu niðurstöðum stóru starfshátta-

Þróun náms- og starfsferils þátttakenda í grunnmenntaskólanum

Eydís Katla Guðmundsdóttir, Epsilondeild

Í júní 2012 lauk undirrituð námi á meistarastigi í náms- og starfsráðgjöf. Lokaritgerðin fjallar um þróun náms- og starfsferils þátttakenda í Grunnmenntaskólanum.

Grunnmenntaskólinn er náms-tilboð á vettvangi fullorðinsfræðslunnar sem er ætlað að koma til móts við fullorðið fólk með litla formlega menntun og vill efla sig í almennum greinum. Árið 2001 var Grunnmenntaskólinn haldinn í fyrsta skipti og þeir sem stóðu að undirbúningi námsleiðarinnar voru Menningar- og fræðslusamband alþýðu, Efling - stéttarfélag, Starfsafl og Menntamála-ráðuneytið.

Í fyrstu var námsleiðin eingöngu hugsuð fyrir fólk á vinnumarkaði en í dag er námstilboðið ætlað fólki hvort sem það er á vinnumarkaði eða í atvinnuleit.

Námsleiðin er og hefur verið frá upphafi 300 kennslustundir og námsþættirnir þeir sömu, það er íslenska, enska, stærðfræði, lærdómsríkt að fylgjast með upplýsingatækni, verkefnavinna, sjálfsstyrking, náms-tækni og gerð færnimöppu. Einnig fá nemendur náms- og starfs-

ráðgjöf á meðan á náminu stendur. Í ráðgjöfinni er áhugasvið einstaklingsins kannað og farið yfir sterkar og veikar hliðar hans og einstaklingurinn setur sér markmið.

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að kanna hvaða áhrif þátttaka í Grunnmenntaskóla hafi haft á þátttakendur með áherslu á eflingu sjálfstrausts og hvatningu til áframhaldandi náms. Rannsóknin byggir á spurningalista sem var lagður fyrir 427 einstaklinga sem höfðu lokið náminu á árunum 2003 – 2010 og samþykktu þátttöku.

Ástæða þess að ég valdi þetta viðfangsefni er sú reynsla sem ég hef aflað mér í starfi mínu sem náms- og starfsráðgjafi við Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi. Þegar ég kenndi í fyrsta skipti í Grunnmenntaskóla varð mér ljóst hversu stór og þung skref það eru fyrir marga að hefja nám að nýju. Það var ákaflega íslenska, enska, stærðfræði, lærdómsríkt að fylgjast með framvindu nemendanna í náminu á meðan á námstímanum stóð. Hindranir sem í fyrstu virtust óyfirfá stíganlegar komu ekki í veg fyrir

kennara voru opnuð fyrir möguleikum upplýsingartækninnar, ásamt því að þeir lærðu hver af öðrum og kynntust aðstæðum kollega sinna. Íslensku börnin lærðu mikið af því að vera í samstarfi við börn í evrópskum skólum. Verkefnið hafði t.d. þýðingu fyrir börn af erlendum uppruna sem veitti þeim tækifæri til að kynna menningu og land sitt á einstakan hátt.

Hægt er að kynna sér verkefnið nánar hér:

<http://ourtalking-pictures.wordpress.com/>

Anna Sofia Wahlstörð deildarstjóri í leikskólanum Holti hefur leitt þetta verkefni í leikskólanum Holti og hefur það vakið mikla

athygli bæði hérlandis og erlendis.

Við hvetjum alla til að skoða samstarfsverkefni á þennan hátt, það er skemmtilegt og lærdómsríkt fyrir kennara, börn og skóla-samfélagið í heild.

Áframhald er á verkefninu 2013-2014 sem sjá má á þessari slóð:

<http://pictureadventure.wordpress.com/>



rannsóknarinnar sem Gerður G. Óskarsdóttir hefur stjórnað. Ég vil þó svara þessu út frá samstarfi mínu við kennara á öllum stigum grunnskólans síðustu áratuginna.

Almennt finnst mér kennarar vera jákvæðir og vinnusamir. Sumir eru slíkir eldhugar að unun er að starfa með þeim og læra af þeim. Í of mörgum skólum er blanda af góðum, miðlungs og slökum kennurum. Það er ekki viðunandi fyrir heimili að þurfa að treysta á að barnið þeirra verði svo heppið að fá góðan kennara. Skólinn á ekki að líða lélega kennslu hjá neinum sinna starfsmanna. Skólastjórar þurfa að skipta sér meira af frammistöðu kennara og námi nemenda og finna bjargir (ráðgjöf frá aðila innanhúss eða ráðgjafa utan frá) til að styrkja slaka kennara þannig að þeir eigi ekki kost á öðru en að bæta sig í starfi.

Mælikvarðinn er námsárangur nemenda, vellíðan þeirra og kunnátta, færni og þrá til að læra á eigin spýtur. Samfélag nemenda og kennara þarf að einkennast af samheldni og samfélagslegri ábyrgð þannig að allir hlakki til að koma á vinnustaðinn. Ég er á því að það eigi að eyða miklu meiri tíma í grunnskólanum í að kenna nemendum að læra, efla lestur og lesskilning, samræðu til náms og margvíslega textagerð upp allan grunnskólann – það gengur ekki að stór hópur nemenda hafi ekki lesið eina heila bók af eigin

hvötum þegar komið er á miðstig, unglingastig eða jafnvel í framhaldsskóla. Færni á þessum sviðum myndi skila mun fleiri nemendum tilbúnum í að takast á við nýjar kröfur þegar þeir fara á milli árganga, stiga eða skólastiga.

Markmið skóla varðandi breytingastarf hlýtur að snúast um að festa í sessi hin nýju vinnubrögð, þekkingu eða færni sem kemur nemendum til góða. Sú ganga hefur oftast en ekki verið á brattann. Mikilvægt er að gera greinarmun á umbótaverkefni sem fellur að því kerfi sem fyrir er í skólanum, dæmi um slíkt gæti verið hraðlestrarátak. Slíkt verkefni kemur og fer án þess að breyta þurfi nokkru öðru. Þegar á hinn bóginn er stefnt á ný vinnubrögð sem eiga að hafa viðvarandi áhrif um langan tíma, fer ekki hjá því að synt sé á móti straumnum og þörf er fyrir langtíma ráðgjöf, reynslan af BL sýnir að tvö ár er of stuttur tími. Samhliða stuðningnum þarf að vinna að breyttri skólamenningu. Breytist hún ekki, þá hefur starfsþróunin misst marks. Það er svo mikilvægt að skólastjórar þekki hvað þarf til og leiði breytingastarfið, helst með beinum hætti.

Hvaða gildi hafði það fyrir þig að hljóta viðurkenningu Betadeildar?

Mér þótti afar vænt um að konur í fræðslustörfum skyldu meta fram-

lag mitt á þennan máta. Mér er ljóst að framtak og áræðni einstaklings getur skipt máli en það er enginn eyland og mér fannst ég í raun vera að taka á móti viðurkenningu fyrir hönd þeirra sem hafa verið mér samferða á þessari leið. Þegar ég leit yfir hóp félagskvenna við þessi tímamót sá ég margar í þeim hópi sem einmitt hefðu átt að standa við hlið mér og taka með mér á móti viðurkenningunni.



Jónína Hauksdóttir og Þorgerður Sigurðardóttir afhenda Rósu viðurkenninguna. Með á myndinni er Jenný Gunnbjörnsdóttir, formaður Mýdeildar.



 ** Systur – við skulum skrifa, **
 ** dansa og syngja um for- **
 ** mæður okkar, umbreytingar- **
 ** kraft nútímakvenna og **
 ** styðja við forystukonur sem **
 ** berjast fyrir bættum kjörum **
 ** kvenna um allan heim **

 ** Friðbjörg Ingimarsdóttir, f. **
 ** 1959 **

Talandi myndir

Leikskólinn Holt Reykjanesbæ Kristín Helgadóttir, leikskólustjóri, Þetadeild



áhuga og forvitni um nánasta nágreinni þessara þriggja skóla. Skólarnir sendu myndir tengdar viðfangsefnunum sína á milli en þær voru upphafspunktur í vinnu með umhverfi og menningu. Kennararnir lögðu grunninn að samstarfinu en innlegg barnanna fólst aðallega í þátttöku, hugmyndum þeirra og viðhorfum og hafði innlegg þeirra mikil áhrif á framvindu verkefnisins.

Viðfangsefnin sem unnið var með voru jólin, byggingar, skilti og merkingar, arfleifð, dýr og náttúra. Unnið var með viðfangsefnin á fjölbreyttan hátt þar sem börnin könnuðu umhverfi sitt, spurðu spurninga fóru í skoðunarferðir og gerðu rannsóknir. Þau bjuggu til sögur, teikningar, unnu með leir og fleira.

Í verkefninu nýttu börnin vefinn sem verkfæri til samskipta. Verkefnið hafði mikla þýðingu fyrir bæði kennara og börn. Augu

Leikskólinn Holt í Reykjanesbæ hefur unnið að samstarfsverkefni með leikskóla í Póllandi og leik- og grunnskóla á Spáni í rúmt ár og hlaut þann mikla heiður að fá landsverðlaun eTwinning 2012-2013 fyrir þetta verkefni.

Hugmyndin með verkefninu var að uppgötva og fræðast um ákveðin viðfangsefni tengdum umhverfis- og menningarmálum í gegnum ljósmyndir. Samstarfið fólst í því að koma á samskiptum á milli barna og kennara í löndunum þremur með upp- lýsingatækni og vekja þannig



Markmið samtakanna

Að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/ fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.

Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið frammarlega á einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.

Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.

Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.

Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.

Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.

Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámálum og menntámálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

Minning Þórunn Bergsdóttir f. 7. september 1947 d. 11. maí 2013



á Dalvík og var skólastjóri hennar í 6 ár.

Hún var skólastjóri í Dalvíkurskóla í 11 ár, aðstoðarskólastjóri í Barnaskóla Akureyrar í eitt ár og skólastjóri Lundarskóla í 8 ár.

Þeir sem þekktu Þórunni eða Tótu, eins og hún var oft kölluð, er minnisstæðast hve mikill kraftur einkenndi hana. Hún hafði brennandi áhuga á skólamálum og kom fólk sjaldan að tómun kofanum hjá henni í þeim efnum.

Þórunn Bergsdóttir, ein úr hópi stofnfélaga Betadeildar lést aðfarnótt laugardagsins 11. maí eftir erfið veikindi og langar mig til að minnast hennar með nokkrum orðum.

Þórunn var ein af stofnendum Betadeildar. Hún gegndi formennsku alls í 4 ár. Hún sat auk þess nokkur ár í stjórn deildarinnar og var um árabil í nefndum Landsambandsins. Hún starfaði ötullega með deildinni þar til hún veiktist 2008.

Haustið 2010 tók hún að sér ritarastarf í deildinni eftir að hafa gengið í gegnum alvarleg veikindi. Því starfi gegndi hún til vors 2011 er hún lét af því embætti sökum veikinda.

Þórunn var þekkt fyrir að vilja vera í endalausum þróunarstarfi í skólanum sem hún veitti forystu og þótti sumum nóg um. Hún fékk viðurnefnið **Þróun** í stað Þórunn og hafði hún gaman af.

Við minnumst Þórunnar með söknuði og þakklæti í huga fyrir vel unnin störf í okkar þágu og þökkum henni samfylgdina.

Blessuð sé minning hennar.

Þorgerður Sigurðardóttir, Beta.



Þórunn stofnaði sjávarútvegdeild